

Fiskiveiðasamþykkt.

77

Sýslunefndin í Norðurlisafjardarsýslu hefir með lögakveðinni hlutdeild bæjarstjórnarinnar í Ísafjardarkaupstað, samkvæmt lögum 14. desbr. 1877, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum og lögum 4. desbr. 1886, um breyting á fyrnefndum lögum, gjört eftirfylgjandi

SAMÞYKKT,

um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum í Norðurlisafjardarsýslu og Ísafjardarkaupstað.

1. gr.

Enginn, sem stundar fiskiveiðar á opnum skipum í Norðurlisafjarsýslu og Ísafjardarkaupstað, má eiga lóðir í sjó frá kl. 9 að köldi til kl. 5 að morgni á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. apríl.

2. gr.

Enginn má slægja eða afhöfða nokkra fiskitegund á sjó úti frá 1. október til 1. maí.

3. gr.

Enginn má hafa neinskonar skelfisk til beitu á lóðir á neinum tíma árs fyrir utan línu, sem hugsast dregin úr Arnarneshamri í Snæfjallabryggju, nje fyrir vestan línu, er dregin er úr Álkukletti í Bjarnarnúpi í Hafnarsker á Sljettulandi.

4. gr.

A tímabilinu, sem um er rætt í 1. gr., má enginn byrja sjóferð til fiskiveiða með lóðum fyrir kl. 5 að morgni; þó nær þessi ákvörðun ekki til þeirra, sem hafa uppsátur fyrir norðan Rif.

Þá er sjóferð byrjuð, þegar skip er á flot sett, albúið til fiskiróðrar, og allir skipverjar komnir upp í það.

5. gr.

Á sérhverju skipi, sem stundar fiskiveiðar á svæði því, sem samþykkt þessi nær yfir, skal á hverri sjóferð vera innanborðs lýsi til bjargráða, að minnsta kosti 4 pottar, og telst það með skipsáhöldum. Sömuleiðis skulu allir farmenn skyldir til að hafa ljós á báti sínum hvenær sem þeir eru að veiðum í myrkri.

6. gr.

Enginn má vísvitandi leggja net eða lóðir ofan í veiðarfæri annars manns. Hegning skal þó því að eins beitt, að skaði hafi af hlotizt.

7. gr.

Í sjerhverjum hreppi í Norðurlisafjardarsýslu sé skipuð 3—5 manna nefnd, eptir stærð hrepps og ákvæði hreppsnefndar, og í Ísafjardarkaupstað 3 manna nefnd. Kýs hlutaðeigandi hreppsnefnd og bæjarstjórn einn þeirra úr sínum flokki, og skal hann vera oddviti nefndarinnar, en hinir tveir skulu vera

- 77 formenn, og gengst oddvitinn fyrir því, að formenn þeir, sem uppsátur hafa í nreppnum, sjálfir kjósi þá úr sínum flokki í byrjun hverrar vertíðar. Vanræki hlutaðeigendur að mæta á fundi þeim, sem boðaður verður í því skyni, skal hreppsnefnd og bæjarstjórn hafa vald til að skipa menn til starfa þessara, og má enginn skorast undan án gildra orsaka, sem hreppsnefndir og bæjarstjórn eru einar bærar um að meta. Skal nefnd þessi hafa nákvæmar gætur á því, að samþykkt þessari sé fyllilega hlýtt. Verði einhver uppvís að því, eða ef nefndinni þykir líklegt, að einhver hafi brotið á móti samþykktinni, tilkynnir hún það hlutaðeigandi yfirvaldi.

8. gr.

Sje brotið móti samþykkt þessari, nema líf liggi við, verður formaður sekur um 10—100 kr. eptir málavöxtum. Svo má og gjöra afla upptækan, ef miklar sakir eru. Helmingur sektar falli til fátækra sjóðs þess hrepps, þar sem brotið er kært, hinn helmingurinn til jafnra skipta milli gæzlunefndar annars-vegar og uppljóstrarmanns.

9. gr.

Þar sem tímatakmörk eru nefnd í samþykkt þessari, skal farið eptir klukku þeirri, sem gæzlunefndin fer eptir, en skylt er henni að annast um, að sú klukka sje svo rjett, sem föng eru á.

10. gr.

Samþykkt um fiskiveiðar á opnum skipum milli Geirhólms og Öskubaks 11. október 1887 skal hjer með úr gildi felld.

Samþykkt þessi er hjer með staðfest til þess að öðlast gildi 1. nóvember 1898.

Íslands Vesturamt, Reykjavík 30. júlí 1898.

J. Havsteen.

Styrkur til uppgjafapresta og prestsekkna.

A Synodus 28. júní 1898 var úthlutað fje því, að upphæð 3000 kr., sem veitt er fyrir árið 1898 í 13. gr. A. b. 6 í fjárlögunum, auk 700 kr. af prestsekknasjóðnum og 81 kr. 40 a. af sjóði af árgjöldum brauða, samtals 3781 kr. 40 a., á þann hátt, er hjer segir á eptir, og var úthlutunin samþykkt með brjefi landshöfðingja, dagsettu 4. júlí s. á., að því er landssjóðsstyrkinn snertir.

I. Uppgjafaprestar:

1. Benedikt Eiríksson frá Holtapingum	kr.	35
2. Magnús Gíslason frá Sauðlauksdal	—	80
3. Jón Jónsson frá Stað á Reykjanesi	—	40
4. Einar Vernharðsson frá Stað í Grunnavík	—	50
5. Pjetur Guðmundsson frá Grímsey	—	20
6. Gunnar Ólafsson frá Höfða	—	70

Flyt: kr. 295